

Grindavíkurbær

Ársreikningur
2023

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Kt. 580169-1559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Grindavíkurbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 5.640 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 5.192 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,62% en lögbundið hámark árið 2023 var 14,74%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts A-flokki nam 0,30% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,45% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 261 millj. kr. og í A hluta um 468 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 9.804 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 9.603 millj. kr.

Bæjarstjórn gerir þann almenna fyrirvara við ársreikninginn að forsendur í rekstri sveitarfélagsins gjörbreyttust þann 10. nóvember þegar nauðsynlegt reyndist að rýma bæinn vegna náttúruhamfara. Í fyrstu var vonast til þess að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða og að íbúum yrði fljótt óhætt að flytja aftur til Grindavíkur. Sú hefur því miður ekki orðið raunin og hefur stjórnsýsla og þjónusta Grindavíkurbæjar þurft að aðlaga sig að breyttum veruleika. Sjá sundurliðun á áhrifum á rekstur og efnahag ársins 2024 í skýringu 4.

Náttúruhamfarirnar ullu því að töluverðar skemmdir urðu á nokkrum fasteignum í eigu Grindavíkurbæjar og varð fljótlega ljóst að viðgerðir á þeim yrðu að biða betri tíma. Þann 14. janúar 2024 myndaðist sigdalur í austurhluta bæjarins og urðu verulega skemmdir á götum og fasteignum. Ljóst þykir þegar unnt varð að meta tjón á eignum kjölfar þessara atburða að altjón varð á fjölnota íþróttahúsi bæjarins, nýjustu álmu Hópsskóla og nýjustu íbúðum fyrir aldraða í Víðihlíð. Áhersla hefur verið á bráðabirgðaviðgerðir á götum bæjarins og veitukerfum með það að markmiði að forða tjóni á eignum, tryggja öryggi þeirra sem starfa eða dveljast í bænum og skapa forsendur til þess að sem flest fyrirtæki geti haldið áfram starfsemi.

Grindavíkurbær hefur tekið mið af ráðgjöf vísindamanna og Almannaávarnardeildar Ríkislögreglustjóra um að þéttbýlið í Grindavík er ekki talið öruggt til búsetu og að ekki sé ráðlegt fyrir barnafjölskyldur að dvelja í Grindavík. Til að bregðast við þessari stöðu kom sveitarfélagið á fót safnskólum í Reykjavík auk þess sem um helmingur grunnskólanemenda hefur fengið inni í grunnskólum sveitarfélaga þar sem þau dvelja. Óvissa um hve lengi náttúruhamfarirnar standa yfir hefur einkennt veruleika Grindvíkinga undanfarna mánuði. Ljóst er að bráðabirgðarárræði, hvort sem er í húsnæðismálum, skólumálum eða félagsþjónustu, leysa engan vanda til frambúðar. Rekstrarforsendur sveitarfélagsins sjálfs hafa veikt verulega á fyrri hluta ársins 2024. Sett hafa verið lög sem heimila bæjarstjórn að fella niður fasteignaskatt og tók bæjarstjórn þá ákvörðun í febrúar að fella niður öll fasteignagjöld af íbúðar- og atvinnuhúsnæði innan þéttbýlis Grindavíkur. Tekjufall sveitarfélagsins vegna þessa er áætlað um 770 milljónir króna á árinu 2024. Í kjölfar kaupa fasteignafélagsins Þórkötlu á fjölda íbúða í Grindavík er þess vænst að verulegur fjöldi íbúa muni flytja lögheimili sitt frá Grindavík. Með bráðabirgðaaákvæði við lög um tekjustofna sveitarfélaga er Fasteignafélagið Þórkötla undanþegið fasteignagjöldum þannig að fasteignagjöld Grindavíkurbæjar skerðast verulega meðan eignarhald félagsins varir. Útsvarsstofn mun veikjast verulega á árinu en vandasamt er að spá um hve mikið tekjur sveitarfélagsins lækka af þeirri ástæðu.

Starfsemi Grindavíkurbæjar mun taka miklum breytingum á árinu 2024 til að takast á við gjörbreyttar aðstæður. Í maí fékk um helmingur starfsmanna sveitarfélagsins fá uppsagnarbréf og mun launakostnaður sveitarfélagsins lækka verulega þegar uppsagnarfresti starfsfólks lýkur. Annar rekstrarkostnaður mun væntanlega einnig lækka umtalsvert þar sem stofnanir sveitarfélagsins verða ekki allar í rekstri á seinni hluta ársins. Telur bæjarstjórn að með þessum aðgerðum hafi sveitarfélagið staðið við skuldbindingar í samkomulagi sem Grindavíkurbær gerði við innviðaráðuneytið í febrúar. Á grundvelli samkomulagsins hefur Grindavíkurbær notið aðstoðar Karls Björnssonar við greiningu á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og framkvæmd ýmissa aðgerða. Eru Karli færðar þakkir fyrir veitta aðstoð. Samkomulagið við innviðaráðuneytið tryggir Grindavíkurbæ óskert framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignaskattsjöfnunar og grunnskólaframlags á árinu 2024. Óvissa er um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á komandi árum en vænta má umtalsverðrar lækkunar þeirra. Til að aðstoða sveitarfélagið í yfirstandandi rekstrarerfiðleikum mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veita Grindavíkurbæ fjárhagslega aðstoð sem mun nema í kringum 500 milljónum króna á árinu 2024.

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar frh.

Það er einlæg trú bæjarstjórnar Grindavíkur að með tímanum muni samfélag og mannlíf blómstra í Grindavík á nýjan leik. Til þess að svo megi verða þarf að aðlaga útgjöld bæjarins að tekjum þannig að möguleiki verði á uppbyggingu þegar réttar forsendur skapast. Það er þó mat bæjarstjórnar Grindavíkur að sveitarfélagið sé rekstrarhæft.

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2023 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Reykjavík, 29. maí 2024

Bæjarstjóri:

Þunnas Jónsson

Bæjarráð:

*Helga Dis Jakobsdóttir
Halfríður Helmgímsd.
Hjálmar Halgryn*

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2023 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reykjavík, 11. júní 2024

Bæjarstjórn:

*Helga Dis Jakobsdóttir
Halfríður Helmgímsd.
Hæraín Helga Kristínisd.
Björgunna Þán Friðfímsd.
Lárusson Mía Lárusdóttir
Hjálmar Halgryn.
Dimitra Káradóttir*

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Grindavíkurbæjar („sveitarfélagið“) fyrir árið 2023, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á því sem fram kemur í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar og skýringu nr. 4 í ársreikningnum þar sem greint er frá áhrifum yfirstandandi náttúruhamfara á sveitarfélagið. Þar kemur fram að óvissa ríkir um endanlegt tjón á fasteignum sveitarfélagsins sem og að ekki hefur reynst unnt að endurmeta leigulóðir sveitarfélagsins. Jafnframt kemur fram að þrátt fyrir að óvissa ríki um framtíðarumfang rekstrar sveitarfélagsins meta bæjarstjóri og bæjarstjórn sveitarfélagið rekstrarhæft.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sveitarfélagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar/sveitarstjórnar og bæjarstjóra/sveitarstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 11. júní 2024

KPMG ehf.

Sigurjón Órn Arnarsón
Súla Dögg Karlsdóttir

Rekstrarreikningur 2023

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	3.350.051	3.205.349	3.009.669	3.346.867	3.202.727	3.006.054
Framlög Jöfnunarsjóðs	1.130.749	974.690	946.351	1.130.749	974.690	946.351
Aðrar tekjur	710.834	767.667	481.078	1.162.587	1.257.883	984.385
5	5.191.633	4.947.706	4.437.098	5.640.202	5.435.300	4.936.789
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	6 2.713.173	2.560.296	2.345.508	2.825.223	2.638.283	2.452.932
Lífeyrisskuldbinding, breyting ..	6 154.156	50.221	78.479	165.294	58.221	83.748
Annar rekstrarkostnaður	1.580.029	1.917.201	1.341.776	1.735.215	2.109.318	1.457.272
	4.447.359	4.527.718	3.765.762	4.725.732	4.805.822	3.993.951
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	744.274	419.988	671.336	914.470	629.478	942.838
Afskriftir	9 (283.801)	(288.823)	(264.780)	(370.502)	(366.729)	(346.795)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda	460.473	131.165	406.556	543.968	262.749	596.043
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7 38.929	58.238	(18.678)	(109.756)	(82.263)	(166.836)
Rekstrarniðurstaða af reglulegri starfsemi	499.403	189.403	387.877	434.211	180.486	429.207
Áhrif náttúruhamfara	4 (30.976)	0	0	(173.574)	0	0
Rekstrarniðurstaða	16 468.426	189.403	387.877	260.637	180.486	429.207

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2023	2022	2023	2022
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir og lóðir	6.334.518	6.627.469	6.646.579	7.090.466
	Götur, veitur og höfn	931.731	756.082	2.246.289	1.957.515
	Áhöld og tæki	358.801	347.470	419.857	398.637
9		<u>7.625.050</u>	<u>7.731.022</u>	<u>9.312.725</u>	<u>9.446.618</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	10 176.985	176.985	175.692	175.693
	Langtímakröfur	12 6.628	6.581	6.628	6.581
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12 902.037	916.079	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	13 126.450	132.464	126.450	132.464
		<u>1.212.101</u>	<u>1.232.109</u>	<u>308.770</u>	<u>314.738</u>
	Fastafjármunir	<u>8.837.150</u>	<u>8.963.131</u>	<u>9.621.495</u>	<u>9.761.356</u>
Veltufjármunir					
	Birgðir	0	0	1.873	1.777
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar tekjur	14 521.059	518.382	536.857	572.748
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	254.605	137.588	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12 90.204	83.280	0	0
	Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	12 481	2.966	481	2.966
	Aðrar skammtímakröfur	14 995.937	41.549	1.050.155	65.679
	Fyrirframgreiddur kostnaður	13 6.014	6.014	6.014	6.014
	Handbært fé	15 1.213.396	1.547.280	1.222.181	1.578.781
	Veltufjármunir	<u>3.081.696</u>	<u>2.337.059</u>	<u>2.817.560</u>	<u>2.227.964</u>
	Eignir samtals	<u>11.918.846</u>	<u>11.300.190</u>	<u>12.439.055</u>	<u>11.989.320</u>

31. desember 2023

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2023	2022	2023	2022	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	16	9.603.168	9.134.365	9.803.532	9.543.073
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	17	858.538	763.604	957.536	855.369
Aðrar skuldbindingar	18	0	0	0	16.244
		858.538	763.604	957.536	871.613
Langtímaskuldir					
Vaxtaberandi skuldir	19	715.288	663.681	967.736	911.665
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		99.025	121.373	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	1.347	1.196	15.768	14.296
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar	16	54.152	45.016	59.729	49.746
Aðrar skammtímaskuldir	17	587.328	570.954	634.754	598.928
		741.853	738.539	710.251	662.970
Skuldir og skuldbindingar samtals		2.315.678	2.165.824	2.635.524	2.446.247
Eigið fé og skuldir samtals		11.918.846	11.300.190	12.439.055	11.989.320
Ábyrgðir og skuldb. utan efnahagsreiknings	21				

Sjóðstreymisýfirlit 2023

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	16	468.426	189.403	387.877	260.637	180.486	429.207
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	9	283.801	288.823	264.780	370.502	366.729	346.795
Verðbætur		(30.490)	(25.492)	(33.647)	75.168	69.202	82.250
Tap af sölu rekstrarfjárm.		(413)	0	356	(260)	0	356
Niðurfært vegna jarðskjálfta	9,23	935.740	0	0	1.078.338	0	0
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	17	154.156	50.221	78.939	165.294	58.221	84.208
Veltufé frá rekstri		1.811.221	502.955	698.305	1.949.680	674.638	942.815
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, breyting		0	0	0	(73)	0	(516)
Fyrirframgr. kostnaður, breyting ...		6.014	0	6.014	6.014	0	6.014
Óinnheimtar tekjur, breyting		(2.677)	0	(166.605)	35.891	0	(187.816)
Aðrar skammtímaskuldur, breyting		(954.424)	0	(10.074)	(984.076)	0	(17.476)
Skammtímaskuldur, breyting		16.583	0	60.621	36.209	0	64.864
Greitt vegna lífeyrissk. bindingar ...	17	(49.665)	(39.000)	(43.193)	(52.641)	(47.500)	(47.273)
Samtals		(984.169)	(39.000)	(153.236)	(958.676)	(47.500)	(182.204)
Handbært fé frá rekstri		827.052	463.955	545.069	991.004	627.138	760.611
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	9	(991.143)	(1.116.750)	(490.320)	(1.194.739)	(1.324.756)	(683.983)
Söluverð rekstrarfjármuna		865	0	40	865	0	40
Gatnag.gjöld (endurgr.) innheimt ...		(123.067)	76.492	304.723	(123.067)	76.492	304.723
Keyptir eignarhlutir í félögum.....		0	0	(39.223)	0	0	(39.223)
Langtímaskuldur, breyting	12	2.995	12.134	820	2.995	12.134	820
Langtímaskuldur á eigin ft., breyting.	12	90.204	80.538	83.280	0	0	(0)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.020.147)	(947.586)	(140.681)	(1.313.947)	(1.236.130)	(417.624)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft., breyting		(139.366)	(137.744)	(92.594)	0	0	0
Afborganir langtímalána	19	(1.200)	(230)	(1.073)	(14.916)	(12.613)	(21.264)
Skuldbindingar, breyting		0	0	0	(18.247)	0	(871)
Fjármögnunarhreyfingar		(140.565)	(137.974)	(93.667)	(33.162)	(12.613)	(22.134)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(333.660)	(621.605)	310.721	(356.105)	(621.605)	320.854
Handbært fé í ársbyrjun		1.547.280	1.467.298	1.237.328	1.578.781	1.467.298	1.259.188
Áhrif breytinga ábyrgðarhlutfalls samstarfsverkefna		(224)	0	(770)	(495)	0	(1.260)
Handbært fé í árslok		1.213.396	845.693	1.547.280	1.222.181	845.693	1.578.781

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Grindavíkurbær er sveitarfélag á Reykjanesi og voru íbúar 3.579 þann 1. janúar 2024. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Víkurbraut 62 í Grindavík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Grindavíkurbæjar árið 2023 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samstarfsverkefnum og er gerð grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustustöð, auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Hafnarsjóður, Vatnsveita og Víðihlíð, dvalarheimili aldraðra, auk hlutdeildar í samstarfsverkefnum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, að öðru leiti en því sem fram kemur hér að neðan.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamingum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar	10 - 50 ár
Hafnarmannvirki	25 ár
Veitukerfi	25 - 50 ár
Gatnakerfi	25 ár
Áhöld og tæki	4 - 20 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélög eru færð samkvæmt hlutdeildar aðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélög A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasið gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2023. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 17.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 21.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 24.

m. Óreglulegir liðir (áhrif náttúruhamfara)

Útgjöld eða tekjur sveitarfélags sem ekki falla undir venjulegan rekstur eru birtir sem óreglulegir liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Útgjöld eða tekjur eru skilgreind sem óreglulegur liður þegar liðurinn er ekki í greinilegum tengslum við hefðbundna starfsemi sveitarfélagsins, hann er þess eðlis að ekki er gert ráð fyrir að hann eigi sér stað oft eða með reglubundnum hætti og hann felur í sér verulega fjárhæð með tilliti til rekstrarumfangs viðkomandi sveitarfélags.

4. Áhrif náttúruhamfara

Þann 10. nóvember 2023 var Grindavíkurbær rýmdur vegna náttúruhamfara sem höfðu og munu hafa veruleg áhrif á rekstur og efnahag sveitarfélagsins. Um nánari umfjöllun vísast í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar. Áhrif á rekstur og efnahag sveitarfélagsins á árinu 2023 sundurliðast þannig:

Áhrif á rekstrarreikning

	A hluti	A og B hluti
Tjónabætur.....	904.764	904.764
Niðurfærsla varanlegra rekstrarfjármuna.....	(935.740)	(1.078.337)
Samtals.....	<u>(30.976)</u>	<u>(173.574)</u>

Tjónabætur

Tjónabætur að fjárhæð 905 millj. kr. vegna tjóns sem varð á eignum á árinu 2023 hafa verið færðar til tekna á árinu 2023 og meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi. Tjónabæturnar voru greiddar af Náttúruhamfaratryggingu til sveitarfélagsins á árinu 2024.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Í kjölfar náttúruhamfaranna var bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna niðurfært um 1.078 millj. kr. Óvissa ríkir um endanleg áhrif hamfaranna á eignir sveitarfélagsins þar sem atburðurinn er ekki liðinn og ekki hefur reynst unnt að leggja endanlegt mat á tjón á eignum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla varanlegra rekstrarfjármuna vegna náttúruhamfaranna sundurliðast þannig á eignir:

Leikskólar	59.666
Grunnskólar	540.993
Hópið, fjölnota íþróttahús.....	209.523
Félagsaðstaða eldri borgara.....	75.000
Gatnakerfi, hreystigardur, bílastæði, ærslabelgur.....	50.558
Samtals A hluti.....	<u>935.740</u>
Víðihlið.....	142.597
Samtals A og B hluti.....	<u>1.078.337</u>

Skýringar, frh.:

4. Áhrif náttúrhamfara frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Lóðir og lundur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af hafa á fyrri árum verið endurmetnar til samræmis við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010, óvissa ríkir um fjárhæðir lóðaleigu til framtíðar og því er ekki unnt að leggja mat á endurmetnið verð eigna sem falla undir álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010. Er því bókfært verð þeirra óbreytt frá fyrra ári.

Aðrar skuldbindingar

Í kjölfar náttúruhamfaranna fluttu íbúðaréttarhafar í Viðhlíð dvalarheimili aldraðra út úr þeim íbúðum sem þeir höfðu til ráðstöfunar og var leigusamningur um íbúðirnar sagt upp. Sveitarfélagið gerði í kjölfarið upp útistandandi íbúðarétti við íbúðarréttarhafa samtals 17 millj. kr. auk þess að endurgreiða leigutryggingar.

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
Útsvar, fasteignaskattur og lóðarleiga:						
Útsvar	2.721.846	2.560.858	2.428.190	2.721.846	2.560.858	2.428.190
Fasteignaskattur	554.720	571.908	489.601	551.537	569.286	485.986
Lóðarleiga	73.484	72.583	91.879	73.484	72.583	91.879
	3.350.051	3.205.349	3.009.669	3.346.867	3.202.727	3.006.054
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag v. fasteignask.	96.758	85.963	81.221	96.758	85.963	81.221
Framlag v. útgj.jöfnunar	538.262	456.424	436.371	538.262	456.424	436.371
Framlög v. grunnskóla	240.304	234.333	235.973	240.304	234.333	235.973
Framlög v. sérþ. fatl. nema .	17.618	19.700	19.217	17.618	19.700	19.217
Framlög v. málefna fatl.	202.541	144.661	140.434	202.541	144.661	140.434
Framlag v. nýb.fræðslu	15.980	15.980	14.560	15.980	15.980	14.560
Framlag v. efl. tónlistarn.	19.286	17.629	18.575	19.286	17.629	18.575
	1.130.749	974.690	946.351	1.130.749	974.690	946.351
Skatttekjur samtals	4.480.799	4.180.039	3.956.020	4.477.616	4.177.417	3.952.405
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur:	710.834	767.667	481.078	1.162.587	1.257.883	984.385
Rekstrartekjur samtals	5.191.633	4.947.706	4.437.098	5.640.202	5.435.300	4.936.789

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	2.181.970	2.074.087	1.877.193	2.280.255	2.138.174	1.971.097
Launatengd gjöld	505.055	472.695	434.220	518.487	486.095	447.741
Áf. launakostn., breyting	20.134	7.500	28.081	20.467	8.000	28.081
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissj. ...	6.014	6.014	6.014	6.014	6.014	6.014
Laun og launat. gj. samtals ..	2.713.173	2.560.296	2.345.508	2.825.223	2.638.283	2.452.932
Lífeyrisskuldb., breyting	154.156	50.221	78.479	165.294	58.221	83.748
	2.867.329	2.610.517	2.423.986	2.990.517	2.696.504	2.536.679
				2023	2022	
Fjöldi starfsmanna í árslok				277	259	
Fjöldi stöðugilda í árslok				218	210	
Ársverk				218	201	
Laun bæjarstjóra og bæjarstjórnar				73.266	68.622	

Skýringar, frh.:

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
Vaxtatekjur og verðbætur	31.538	2.701	10.277	33.091	2.701	11.298
Tekjur af eignarhlutum	3.383	0	1.747	3.383	0	1.747
Vextir frá eigin fyrirtækjum ..	117.822	116.124	113.593	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(148.553)	(88.587)	(129.212)	(180.970)	(112.964)	(164.798)
Gangvirðisbreyting skammt.fjárfestinga.....	34.738	28.000	(15.084)	34.738	28.000	(15.084)
Samtals	38.929	58.238	(18.678)	(109.756)	(82.263)	(166.836)

8. Heildaryfirlit um rekstur

